



Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

FUNDUR - 21. febrúar 2006

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 85. fundar þriðjudaginn 21. febrúar 2006 kl. 17:00 á bæjarskrifstofu. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Fundinn sátu undirrituð.

Dagskrá:

1. Fundargerð bæjarráðs frá 14. febrúar.
2. Fundargerð jafnréttisnefndar frá 2. febrúar.
3. Fundargerð fræðslu,- íþróttu- og tómstundanefndar frá 7. febrúar.
4. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 8. febrúar.
5. Drög að gjaldskrá fyrir búfjárefntilvit í Blönduóssbæ, sbr. 148. fundar bæjarráðs frá 10. janúar sl. 3. liður.
6. Drög að breytingartillögum samninga um leiguland í landi Blönduóssbæjar sbr. 151. fundar bæjarráðs frá 1. febrúar sl. liður 4.

Forseti bar undir fundarmenn, að taka upp liðinn önnur mál, var það samþykkt.

Afgreiðslur:

1. Fundargerð 152. fundar frá 14. febrúar kynnt og tekin til umræðu. Bæjarstjórn samþykkti að vísa endurskoðun á samþykkt v/lið 1 til síðari umræðu.

3ja ára fjárhagsáætlun borin undir atkv. hún var samþykkt með 5 atkv. samhljóða, 2 sátu hjá.

Varðandi lið 7. Bæjarstjórn felur bæjarráði að gera athugasemdir við frumvarpsdrögin. Samþykkt með 7 atkv. samhljóða.

Varðandi lið 8 var svohljóðandi bókun lögð fram.

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar vil koma þeim ábendingum til nefndar um endurskoðun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að leitað verði leiða til að rétta hlut þeirra sveitarfélaga sem fjárhagslega standa höllum fæti. Að mati bæjarstjórnar eru það ekki síst þau sveitarfélög sem telja 500 – 5.000 íbúa en í mörgum tilfellum er þar um órekstrarhæfar einingar að ræða.

Bæjarstjórn ítrekar að það er meginhlutverk sjóðsins að jafna fjárhagslega stöðu sveitarfélaga í landinu en undanfarin ár hefur töluverð gjá myndast meðal þeirra, þ.e. sum hver teljast vart rekstrarhæf á meðan önnur nýta ekki tekjustofna sína til fulls en eru samt sem áður að fá greiðslur úr Jöfnunarsjóði.

Að mati bæjarstjórnar til að ná fram þessum markmiðum ætti endurskoðunarnefnd að skoða eftirfarandi breytingar:

- Að leggja minni áherslu á tekjufjöfnun en meiri áherslu á útgjaldajöfnun.
- Að endurskoða vægi einstakra þátta sem hafa áhrif á útreikning útgjaldajöfnunarframlaga.
- Að skoða sérstaklega greiðslur vegna skólaaksturs
- Að tekið verði meira tillit til íbúapróunar
- Að skoða áhrif þess að hætt verði að greiða framlög til Landshlutasamtakanna
- Að gera ríkari kröfur um að sveitarfélög verði að nýta tekjustofna til að eiga rétt á framlögum.

Þá varar bæjarstjórn við að sjóðurinn taki að sér ný verkefni nema til komi sérstakar tekjur til þeirra verkefna.

Og var hún samþykkt með 7 atkv. samhljóða. Fundargerðin síðan borin upp í heild sinni og samþykkt með 7 atkv. samhljóða.

2. Fundargerð jafnréttisnefndar frá 2. febrúar kynnt. Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktunar.
3. Fundargerð fræðslu,- íþróttu- og tómstundanefndar frá 7. febrúar kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin að því loknu borin undir atkv. og samþ. með 7 atkv.,. samhljóða.
4. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 8. febrúar kynnt. Að umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkv. og samþykkt með 7 atkv, samhljóða.
5. Drög að gjaldskrá fyrir búfjárefntilrit í Blönduóssbæ sbr. 148. fundar bæjarráðs frá 10. febrúar sl. liður 3. Gjaldskráin borin undir atkv. og samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
6. Drög að breytingartillögum samninga um leiguland í landi Blönduóssbæjar, sbr. 151 fundar bæjarráðs frá 1. febrúar sl. liður 4. Breytingartillögurnar samþykktar með 7 atkv. samhljóða.
7. Önnur mál.
Fundargerð húsnæðisnefndar frá 9. febrúar sl. rædd. Fundargerðin borin undir atkv. og samþykkt með 7 atkv. samhljóða.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:50

Valgarður Hilmarsson
Valdimar Guðmannsson
Ágúst Þór Bragason
Jóhanna Jónasdóttir
Þórdís Hjálmarsdóttir
Guðmundur Ingbórsson
Margrét Einarsdóttir
Jóna Fanney Friðriksdóttir

Stefanía Garðarsdóttir